

EFTIRLITSSKÝRSLA

Mýrdalshreppur við Uxafótarlæk



Dags eftirlits	20.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Mýrdalshreppur	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Austurvegi 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4612830399	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Freyr Elínarsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	501748,175 324486,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávík komu fram við eftirlit og vörðuðu 1) urðun umfram heimildir 2) móttöku úrgangs sem ekki fellur að móttökuskilyrðum starfsleyfis 3) ófullnægjandi skráningar á mótteknum úrgangi 4) daglegur frágangur var ekki í samræmi við starfsleyfi 5) skráningar vegna innra eftirlits lágu ekki fyrir við eftirlit 6) rekstraraðili skilaði ekki skráningum ársyfirlits innan tilskilins tímafrests.

Opin eru eldri frávík sem ekki hafa verið gerðar fullnægjandi úrbætur á. Ein ábending er lögð fram að rekstraraðili þarf að sækja um endurnýjun á starfsleyfi áður en það rennur úr gildi.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Útgáfudagur starfsleyfis var 1. júní 2010 og er gildistími þess til 1. júní 2026. Heimilt er að urða 80 tonn af úrgangi á ári og eingöngu úrgang sem á uppruna sinn úr Mýrdalshreppi.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Núverandi staða frávika
- Starfsleyfi
- Skráningar
- Tryggingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð á urðunarstað

1. Opin eru fimm frávík úr eftirliti ársins 2024 og eldri eftirlitum sem ekki hafa verið gerðar úrbætur á. Varðar eitt frávík takmörkun aðgengis að urðunarstaðnum. Svæðið hefur verið læst og lokað fyrir aðgengi en það hefur ekki dugað til að takmarka óheimilaða losun. Rekstraraðili vinnur að því að setja upp frekari merkingar og aðvaranir um lokun og var á áætlun að ljúka því í september mánuði 2025. Ekki hefur verið staðfest að því sé lokið og því ekki hægt að loka frávikin.

Annað frávík sem var opið, varðaði skráningar og skýrslugjöf rekstraraðila. Búið er að gera grein fyrir þeim og einnig og skila þeim atriðum er varða skráningar vegna ársins 2024, hins vegar verður ekki hægt að loka frávikin varðandi skil á skráningum fyrr en rekstraraðili skilar innan tilskilins tímafrest sbr. starfsleyfi en árlega ber að gera grein fyrir skráningum í starfsleyfi og sjá til þess að skila þeim innan tilskilins tíma. Ef skráningar eiga ekki við, ber að skila núllskráningum.

Opið er frávík vegna geymslu úrgangs við hlið urðunarstað rekstraraðila eða nánar alveg við hlið hans. Ber að gera grein fyrir öllum breytingum á starfsemi inni á urðunarstað eða vegna breytinga sem gætu haft áhrif á skipulag svæðisins og þá á starfsleyfið vegna landfræðilegrar nálægðar. Allar breytingar skulu vera í samræmi við matsskylduákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda ef við á, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Einnig var opið frávík varðandi ófullnægjandi frágang úrgangs inni á urðunarstað, og átti það enn við þegar eftirlit fór fram. Rekstraraðili hyggst ráðast í aðgerðir varðandi frágang og áætla að ljúka þeim fyrir lok október 2025. Ekki verður hægt að loka fráviki fyrr en staðfest er að frágangi sé lokið og að hann sé fullnægjandi.

2. Farið var yfir starfsleyfið og bent á að það stýttist í að gildistími starfsleyfisins renni út. Lögð er fram ábending vegna þess efnis.
3. Skráningar lágu ekki fyrir við eftirlit og því frávik sett fram þess efnis.
4. Rekstraraðili lagði fram gildandi bráðamengunartryggingu, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda við eftirlit.
5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er óbreytt frá síðasta eftirliti.
6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlita frá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits.
7. Rætt var um hvort rekstraraðili hyggist loka urðunarstaðnum eða hvort hann hyggist sækja um nýtt starfsleyfi fyrir áframhaldandi urðun og reksturs við Uxafótarlæk. Rekstraraðili hyggur á áframhaldandi urðun. Í eftirliti var rekstraraðila bent á að sækja um nýtt starfsleyfi sem allra fyrst.
8. Farið var inn á urðunarstað. Úrgangur hefur ekki verið urðaður, heldur safnast hann upp í haugum. Umgengni er ófullnægjandi. Fjarlægja þarf úrgang sem ekki fellur að móttökuskilyrðum staðarins, úr óvirka úrganginum sem búið er að koma fyrir inn á urðunarstað. Aðgengi virðist ótakmarkað inn á urðunarstað, án umsjónar þrátt fyrir girðingar og aðgangshlið.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.1. í starfsleyfi:	Samkvæmt upplýsingum úr gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar voru urðuð rúmlega 128 tonn inn á urðunarstað við Uxafótarlæk. Heimild starfsleyfis er 80 tonn. Einnig er annað frávik frá sömu grein er varðar úrgang sem ekki fellur undir móttökuskilyrði starfsleyfis líkt og járn úr járnabindingum í múrbrotsúrgangi og plast.
gr. 4.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal halda skrá yfir magn og tegundir úrgangs sem komið er fyrir á staðnum. Rekstraraðili skal einnig tryggja að takmörkun aðgangs sé til staðar og að urðunarstaðurinn sé skoðaður reglulega til að ganga úr skugga um að eingöngu sé að fara inn á urðunarstað, úrgangur sem passar við skilgreindar móttökuheimildir í starfsleyfi sbr. eldra frávik sem ekki er lokið.
gr. 4.3 í starfsleyfi:	Ekki hefur verið gengið frá úrgangi sbr. verklagi fyrir daglegan frágang sem lýst er í starfsleyfi.
gr. 5.1 í starfsleyfi:	Skráningar rekstraraðila sbr. starfsleyfi og rg. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs lágu ekki fyrir þegar eftirlit fór fram.
gr. 5.3 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Engum skráningum var skilað inn á árinu vegna skráninga ársins 2024.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili verður að sækja um starfsleyfi sem allra fyrst, en gildistími starfsleyfisins rennur út þann 1. júní 2026. Umhverfis- og orkustofnun hefur sett sér viðmið um 240 daga afgreiðslufrest á starfsleyfum fyrir mengandi starfsemi skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Gæta skal að því að öll nauðsynleg gögn fylgi með umsókn sbr. 6. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og skv. rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,



Halla Margrét Viðarsdóttir